



## Upplýsingamerki.

Upplýsingamerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina. Upplýsingamerki skal vera rétthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar. Þó skulu  og  vera þannig að eitt hornið snúi niður.

Stærð upplýsingamerkja skal háð samþykki vegamálastjóra að því er varðar þjóðvegi utan kaupstaða og kauptúna en ella lögreglustjóra.

Upplýsingamerki eru þessi:



*Bifreiðastæði.*

Merki þetta er notað til að sýna hvar bifreiðastæði eru.





*Bílastæðahús.*

Merki þetta er notað til að sýna hvar bílastæðahús er.



*Bifreiðastæði fyrir fatlaða.*

Merki þetta er notað til að sýna bifreiðastæði sem eingöngu er ætlað fötluðum. Einnig er heimilt að nota merki  með undirmerki 



*Bifreiðastæði fyrir fatlaða með (skráningarkerki)" bifreiðar.*

Merki þetta er notað til að sýna bifreiðastæði sem eingöngu er ætlað fötluðum einstaklingi. Til áréttingar er *skráningarkerki* bifreiðar tilgreint.



*Bifreiðastæði fyrir hópbifreiðir.*

Merki þetta er notað til að sýna hvar eru bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð hópbifreiðum.



*Bifreiðastæði fyrir vörubifreiðir*

Merki þetta er notað til að sýna hvar eru bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð vörubifreiðum.



*Keðjunarstaður.*

Merki þetta er notað til að sýna hvar eru útskot við veg sem sérstaklega eru ætluð fyrir ökumenn sem þurfa að setja á keðjur eða taka af, gjarnan við heiðarsporða.





*Gangbraut.*

Merki þetta er notað við gangbraut og skal vera báðum megin akbrautar. Ef eyja er á akbraut má merkið einnig vera þar.




*Aðalbraut.*

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að umferð á vegi sem merkið er við hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi. Merkið er sett þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir, enda séu merkin  eða  sett við hliðarveginn.




*Aðalbraut endar.*

Merki þetta er notað þar sem aðalbraut endar. Heimilt er að nota merkið ásamt undirmerki  nokkru áður en aðalbraut lýkur.



*Umferð á móti veitir forgang.*

Merki þetta er notað við annan enda vegarkafila þar sem merkið  er við hinn endann. Dæmi um notkun eru einbreið jarðgöng þar sem önnur akstursstefnan nýtur forgangs en hin á að víkja í til þess gerð útskot.



*Útskot.*

Merki þetta er notað á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka framúr.



*Snúningssvæði til hægri.*

Merki þetta er notað þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum. Nánari upplýsingar má letra á undirmerki




*Snúningssvæði til vinstri.*

Merki þetta er notað þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum. Nánari upplýsingar má letra á undirmerki



*Einstefna.*

Merki þetta er notað þar sem æskilegt þykir að gefa til kynna að einstefnuakstur sé á vegi. Ef henta þykir má setja merkið þannig að örin vísi upp. Merkið  skal vera við hinn enda vegar.



*Botngata.*

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að vegur sé lokaður í annan endann.



*Biðstöð leigubifreiða.*



*Biðstöð strætisvagna eða áætlunarbifreiða.*



*Umferðarmiðstöð.*



*Umferð fatlaðra.*

Merki þetta má setja upp við leiðir sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir umferð fatlaðra.



*Þéttbýli.*

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um þéttbýli gilda. Á undirmerki skal að jafnaði vera nafn sveitarfélagsins.



*Þéttbýli lokið.*

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að reglur um þéttbýli gildi ekki lengur.



*Vistgata.*

Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaganna um vistgötur gilda.



*Vistgötu lokið.*

Merki þetta er notað til að gefa til kynna að reglur um vistgötu gildi ekki lengur.



*Undirgöng til hægri.*

Merki þetta vísar á gönguleið um undirgöng.



*Undirgöng til vinstri.*

Merki þetta vísar á gönguleið um undirgöng.



*Brú til hægri.*

Merki þetta vísar á gönguleið eftir brú.



*Brú til vinstri.*

Merki þetta vísar á gönguleið eftir brú.




*Inn.*

Merki þetta vísar á hvar ekið er inn á tiltekið svæði.



*Út.*

Merki þetta vísar á hvar ekið er út af tilteknu svæði.



*Hámarkshraðaupplýsingar.*

Merki þetta er til að minna ökumenn á almennar reglur um hámarkshraða við mismunandi aðstæður.



*Vegur þar sem krafist er veggjalds.*

Merki þetta ber að nota þar sem ekið er inn á veg þar sem búast má við að stöðva þurfi ökutæki og greiða veggjald.

Nánari upplýsingar skal letra á undirmerki, t.d. .